



**47. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 26. júní, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.
3. Drög að samningi við Glaðheima ehf.
4. Erindi frá samtökum ferðaþjónustunnar.
5. Erindi frá menntamálaráðuneytinu um niðurstöður úttektar á sjálfsmatsaðferðum Grunnskólans á Blönduósi.
6. Bréf frá Félagi tónlistarkennara.
7. Afrit af svarbréfi frá Landsvirkjun til FEMA vegna umsóknar varðandi vinnuframlag ungmenna í verkefninu "Margar hendur vinna létt verk".
8. Frá umboðsmanni barna vegna skýrslu um málþingið "Skundum á Þingvöll".
9. Fundargerð héraðsráðs frá 18. júní 2003.
10. Fundargerð aðalfundar Tækifæris hf.
11. Fundargerð stjórnar INVEST frá 19. maí 2003.
12. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Atvinnumál. *Umræðum frestað.*
2. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.  
*Bókun D-lista við kosningu formanns bæjarráðs Blönduóss.*

*Undirritaður telur að þær breytingar sem átt hafi sér stað við breytingar á skipuriti Blönduóssbæjar valdi því að talsverðar líkur séu á því að Valdimar Guðmannsson sé vanhæfur til að gegna formennsku í bæjarráð þar sem maki hans er sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs. Þetta vil ég rökstyðja með tilvitnun í samþykktir og skipurit Blönduóssbæjar:*

*Í 43. gr samþykktar er fjallað um bæjarráð og kjörgengi í það:*

*43. gr.*

*Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglu-gerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.*

*Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.*



Í 46. gr er fjallað um undirbúning funda þar sem bæjarstjóri undirbýr fundi en fram kom í svari bæjarstjóra fyrir stuttu að staðgengill sinn í starfi bæjarstjóra væri Ólöf Pálmadóttir sviðstjóri, sem jafnframt er maki Valdimars Guðmannssonar. 46. gr hljóðar svo:

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjóri varamann hans á fund.

Í 48. gr er fjallað um hlutverk bæjarráðs þar sem fram kemur að bæjarráð fer með framkvæmda og fjármálastjórn ásamt því að hafa umsjón með stjórnarsýslu bæjarins. Jafnframt er heimilt að fela slíka stjórn öðrum. 48. gr hljóðar svo:

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnarsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Í 49. gr er fjallað um að starfsmönnum sé skylt að sitja fundi bæjarráðs sé þess óskað. Hún hljóðar svo:

49. gr.

Skyllt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.




Við breytingar á skipuriti Blönduóssbæjar var stofnað fjármála og stjórnsýslusvið og því falin ákveðin ábyrgð. Samkvæmt skipuritinu er hún svohljóðandi:

Fjármála- og stjórnsýslusvið ber ábyrgð á:

- fjármálastjórn og fjárreiðum fyrirtækja og stofnana Blönduóssbæjar, þ.m.t. undirbúningi fjárhagsáætlunar, bókhaldi, gerð ársreiknings, árshlutareiknings, hagsýslu og innra eftirliti.
- framkvæmd kjarasamninga, þ.m.t. eftirfylgni og túlkun þeirra. Yfirumsjón með launa- og starfsmannámálum hjá stofnunum og fyrirtækjum Blönduóssbæjar.
- almennri afgreiðslu, símaþjónustu, skjalastjórnun, ritarþjónustu, þjónustu við kjörna fulltrúa og annarri upplýsingaþjónustu bæjarfélagsins s.s. á heimasíðu á Internetinu.
- álagningu og innheimtu.
- rekstri upplýsingakerfis bæjarfélagsins.

Skipurit 2002 - 2006



Helstu breytingar sem nýtt skipurit hefur í för með sér

- Heimþjónusta flyst yfir á fræðslu-, félags- og menningarsvið.
- Félagsstarf aldraðra flyst yfir á fræðslu-, félags- og menningarsvið.



- Umsóknir félagslegs húsnæðis flytjast yfir á fræðslu-, félags- og menningarsvið.
- Rafræn skjalavarsla verði tekin upp og heyri undir sviðið.
- Fjármálastýring, áætlanagerð og innra eftirlit með fjármálum bæjarfélagsins eflist.

Í 23. gr er fjallað um meðferð mála þegar um vanhæfi er að ræða. Þar kemur fram að bæjarfulltrúar sem undirbúið hafa mál og eru jafnframt starfmenn eru alltaf vanhæfir þegar um afgreiðslu slíks máls er að ræða. Hún hjóðar svo:

### 23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

Niðurstaða mín er sú að miðað við að hlutverk bæjarráðs sé að hafa eftirlit með fjármálastjórn bæjarins, umsjón með stjórnsýslu og innra eftirliti í stjórnkerfinu geti það ekki farið saman að formaður bæjarráðs fjalli með beinum hætti um störf sviðsstjóra fjármála og stjórnsýslusviðs, sem fer jafnframt með innra eftirlit með fjármálum og stjórnsýslu. Því hljóti annar hvor aðilinn að vera vanhæfur við afgreiðslur einstakra mála. Það getur leitt það af sér að bæjarráð sé meira og minna óstarfhæft vegna þeirra aðstæðna.

Ég óska hér með eftir því að bæjarráð taki afstöðu til þess hvort þetta stangist á við samþykktir Blönduóssbæjar eins og ég tel talsverðar líkur á og hvort þetta standist sveitarstjórnarlög nr. 45/1998.



### **Ágúst Þór Bragason, bæjarfulltrúi D-lista**

Bæjarráð samþykkir að fá túlkun lögfræðings félagsmálaráðuneytisins á bókun þessari.

**Tillaga borin upp um að Valdimar Guðmannsson gegni starfi formanns bæjarráðs. Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.**

**Tillaga borin upp um að Hjördís Blöndal gegni starfi varaformanns. Tillaga samþykkt með tveimur atkvæðum. Ágúst Þór Bragason situr hjá.**

#### **3. Drög að samningi við Glaðheima ehf**

*Bæjarstjóri lagði fram drög að samningi við Glaðheima ehf. sem miðar að samstarfi 2003, 2004 og 2005. Samþykkt að bæjarstjóri geri kostnaðaráætlun yfir framlag Blönduóssbæjar vegna samstarfsins og leggji fyrir næsta fund bæjarráðs.*

#### **4. Erindi frá samtökum ferðaþjónustunnar.**

*Í erindinu er skorað á allar sveitastjórnir að íhuga vel hvort samkeppnisrekstur sé í opinberu húsnæði í sveitarfélaginu og ef svo er hvaða áhrif hann hefur á rekstur veitinga- og gististaða á staðnum.*

*Bæjarráð leggur til að bæjarstjóra verði falið að gera úttekt á þessum málum í sveitarfélaginu.*

#### **5. Erindi frá menntamálaráðuneytinu um niðurstöður úttektar á sjálfsmatsaðferðum Grunnskólans á Blönduósi.**

*Bæjarráð lýsir yfir ánægju með vinnu Grunnskólans á Blönduósi í sjálfsmatsaðferðum og beinir niðurstöðum úttektarinnar til kynningar í fræðslu-, félags- og tómstundanefnd.*

#### **6. Bréf frá Félagi tónlistarkennara.**

*Lagt fram til kynningar.*

#### **7. Afrit af svarbréfi frá Landsvirkjun til FEMA vegna umsóknar varðandi vinnuframlag ungmenna í verkefninu “Margar hendur vinna létt verk”.**

*Lagt fram til kynningar. Í bréfinu kemur fram að samþykkt hefur verið að vinnuhópur Landsvirkjunar starfi í sveitarfélaginu í sumar við gerð göngustígs frá tjaldstæði að brú út í Hrútey.*

#### **8. Frá umboðsmanni barna vegna skýrslu um málþingið “Skundum á Þingvöllum”.**

*Lagt fram til kynningar.*

#### **9. Fundargerð héraðsráðs frá 18. júní 2003.**

*Lögð fram til kynningar.*



10. **Fundargerð aðalfundar Tækifæris hf.**  
*Lögð fram til kynningar.*
  11. **Fundargerð stjórnar INVEST frá 19. maí 2003.**  
*Lögð fram til kynningar.*
  12. **Önnur mál**
    - a. **Formaður greindi frá því að aðalfundur Skúlahorns væri í kvöld kl. 21 í Félagsheimilinu á Blönduósi.**
    - b. **Umsögn frá Lax-á hf. vegna leyfis skv. lögum nr. 67/ um veitinga- og gististaði v. Hótel Blöndu.**  
*Bæjarráð veitir jákvæða umsögn vegna leyfisins.*
    - c. **Samningur við eftirlitsnefnd . Farið var yfir samninginn.**  
*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá samningnum við eftirlitsnefndina.*
    - d. **Bókun D-listans við endurjármögnun lána bæjarsjóðs.**  
Svohljóðandi texti er í frétt á heimasíðu Blönduóssbæjar frá 7. júní sl.  
*“Nýverið lauk fyrsta skrefi í endurskipulagningu fjármála Blönduóssbæjar. Gengið var til samstarfs við Búnaðarbanka Íslands með skuldbreytingu lána og lækkun vaxta. Að sögn Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, bæjarstjóra var töluvert af lánnum sveitarfélagsins óhagstæð og því var brýnt að kanna allar leiðir til að lækka fjármagnskostnað. Ekki síst hafi verið forgangsverkefni að beita aðgerðum til að eyða yfirdrætti og öðrum skammtímaskuldum sem voru farnar að sliga mikið greiðslugetuna. Við endurskipulagninguna hefur greiðslubyrði sveitarfélagsins lækkað um 10-13 milljónir króna á ársgrundvelli. Með frekari samvinnu við stofnanir á vegum hins opinbera lítur út fyrir að sveitarfélagið nái að greiða skuldir niður um 45 milljónir króna á árinu en í fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 var aðeins gert ráð fyrir 17 milljónum í niðurgreiðslu.”*
- Í þessari frétt er gefið í skyn að það sé forgangsverkefni að grynna á skuldum, auka greiðslugetuna, eyða yfirdrætti og lækka fjármagnskostnað. Fram kemur að markmiðið sé að lækka skuldir ársins um 45 milljónir í stað 17 sem áður kom fram við gerð fjárhagsáætlunar. Í þessu samhengi er mikilvægt að fram komi hvers vegna þetta er hægt. Það er vegna sérstaks skuldajöfnunarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fæst vegna sameiningar Blönduóss og Engihlíðarhrepps sem ákveðin var í kosningu árið 2001. Það er því ekki vegna nýrra stjórnunarháttanna eða þess að núverandi meirihluti hafi tekið verulega á í fjármálum sem þessi lækkun skulda á sér stað. Það er vegna þeirrar ákörðunar að greiða framlagið allt á þessu ári en hluti þess kom á síðasta ári. Framlag þessa árs er því 49 milljónir en yfirleitt*



*eru þessi framlög greidd út á 4 árum. Það er því villandi málf lutningur bæjarstjóra að halda því fram endurskipulagning fjármála sé að skila einhverju sem ekki lá ljóst fyrir. Meirihluti bæjarstjórnar nýtir ekki allt framlag jöfnunarsjóðs til lækkunar skulda við endurskipulagningu fjármála EINS OG BRÝNT ER AÐ GERA. Undirritaður vill að fram komi að það eru veikleikar í rekstri aðalsjóðs og stofnanna. Stýring fjármála er veik og greinilegt að vinna síðustu mánaða einkennist af reynsluleysi þeirra starfmannna bæjarins sem að henni koma. Óháð úttekt á fjármálum væri bæjarsjóði mikilvæg við þessi tímamót þar sem rekstrareiningar væru skilgreindar að þeim rekstri sem sveitarsjóður ræður við.*

Ágúst Þór Bragason

**Fleira gerðist ekki.**

*Fundi slitið kl. 19:25.*

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)